

Skúlptúr eftir Kristin G. Harðarson.

Hversdagsleg viðfangsefni fá óvænta merkingu

Á Kjarvalsstöðum eru nú í gangi þrjár sýningar. Í vestursal sýnir Kristinn G. Harðarson, í miðsalnum eru málverk eftir Sigurð Árna Sigurðsson og í austursalnum er sumarsýning á verkum eftir Jóhannes S. Kjarval sem

Sýningar

eru í eigu safnsins. Þessar sýningar munu standa til 11. september.

Kristinn G. Harðarson hefur markað sér persónulegt svið með listsköpun sinni sem umfram allt felst í því að taka hversdagsleg viðfangsefni – oftast byggð á reynslu úr hinu daglega lífi – úr sínu upprunalega umhverfi og gefa þeim nýja og óvænta merkingu. Þótt verk hans séu oft fátæklega að efni og gerð búa þau ávallt yfir furðulegri ljóðrænu.

Kristinn býr um þessar mundir í Bandaríkjunum og er sýningin á Kjarvalsstöðum önnur tveggja sem eru í gangi á verkum eftir hann. Í Gallerí Sævars Karls sýnir hann útsaumsverk.



Reykjavikurmaraþonið verður vinsælla með hverju árinu.

Maraþonhlaupið varð til með ólympíuleikunum

Nú fer að líða að Reykjavíkurmarþoninu og margir sjálfsagt á síðasta undirbúningsstigi. Maraþonhlaup eins og við þekkj-

Blessuð veröldin

um það er jafngamalt ólympíuleikunum. Þegar Pierre de Coubertin gaf út þá yfirlýsingu að nú skyldi endurvekja ólympíuleikana árið 1892 fékk Frakkinn Michel Bréal þá hugmynd að á ólympíuleikunum yrði stofnað til hlaups sem skyldi kallast maraþon og skrifað Coubertin bréf þess efnis. Og á ólympíuárinu voru strax haldin nokkur maraþonhlaup. Í því fyrsta sem haldið var voru aðeins tveir keppendur. Grikkinn G. Grigoriou lauk því á 3:45.00 en kom tíu mínútum á eftir J. Vangoulis, en hann hafði tekið far með vagni fimm kílómetra leið og var því dæmdur úr leik. Á ólympíuleikunum sjálfum sigraði Spiridon Louis á tímanum 2:58.50.

Maraþonhlaupið þróast


Í fyrstu var enginn í raun viss um hver maraþonvegalengdin væri en árið 1921 tók alþjóðlegt íþróttaþing af allan vafa og sagði vegalengdina vera 26 mílur og 385 yarda. 12. október 1925 var Bandaríkjamaðurinn Al Michelsen fyrstur til að hlaupa marþonhlaup innan við tvo og hálfan klukkutíma.

Víðast greiðfærar leiðir

Víðast á landinu er greiðfært öllum bílum en á nokkrum leiðum er nýbúið að klæða vegi eða verið að vinna

Færð á vegum

við þá. Á þjóðvegi númer 1 á leiðinni Reykjavík–Akureyri er enn verið að vinna í Langadal og á Öxnadalsheiði og þar er grófur vegur og hraðatakmarkanir. Þegar haldið er áfram austur eru vegavinnuflokkar að vinna á Mývatnsöræfum og Jökuldal. Á Norðausturlandi er verið að vinna við leiðina Raufarhöfn–Þórshöfn og Sandvíkurheiði og bílstjórar beðnir um að sýna aðgát.



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar:

Sigrún og Selma

Sigrún Eðvaldsdóttir og Selma Guðmundsdóttir verða með tónleika í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar í kvöld. Eru þessir tónleikar í röð þriðjudagstónleika listasafnsins. Tónleikarnir hefjast kl. 20.30

Skemmtanir

og standa í um það bil eina klukkustund. Á efnisskránni eru eftirtalin verk: sónata fyrir fiðlu og píanó eftir Leos Janacek, þrír slavneskir dansar eftir Dvorak/Kreisler og sónata fyrir fiðlu og píanó eftir Maurice Ravel.


Sigrún Eðvaldsdóttir er meðal þekktustu tónlistarmanna okkar og hefur unnið til margra viðurkenninga á undanförnum árum og hlotið verðlaun í ýmsum fiðlukeppnum. Í september mun hún leika Sibelius-fiðlukonsertinn í



Sigrún Eðvaldsdóttir og Selma Guðmundsdóttir.

Skotlandi ásamt BBC-sinfóníuhljómsveitinni.


Frá árinu 1986 hafa þær Sigrún og Selma margsinnis leikið saman á tónleikum, meðal annars á tónlistarhátíð ungra einleikara í Helsinki 1986, á tónleikaferð um Þýskaland árið 1988 og í Litháen og Skotlandi 1992. Þá hafa þær leikið saman inn á tvo geisladiska, Cantabile 1992 og Ljúflingslög 1993.



Systir Katrínar og Alex

Litla stúlkan á myndinni fæddist 8. ágúst á fæðingardeild Landspítalans kl. 10.27. Hún var 4185 grömm að þyngd og 54,5 sentímetra löng. Foreldrar hennar eru Svenny Hallbjörnsdóttir og Gunnar Halldórsson. Hún á tvö systkin, Katrínu Ingu og Alex Má.

Barn dagsins



Dennis Quaid leikur annað aðalhlutverkið í Holdi og blóði.

Fortíðin ber að dyrum

Bíóborgin hefur nýhafið sýningar á Holdi og blóði (Flesh and Bone) sem er dramatísk ástarsaga og gerist í Texas. Aðalpersónurnar eru bensínafgreiðslumaður og nýfráskilin kona sem eru að leita að tilbreytingu í fábrotið líf sitt. Þau verða ástfangin en með tímanum kemst hann að því að hún er afkomandi fjölskyldu sem faðir hans hafði drepið mörgum árum áður. Leikstjóri myndarinnar er Steve Kloves sem leikstýrði hinni vinsælu

Bíó í kvöld

kvikmynd The Faboulous Baker Boys.

Aðalhlutverkin leika hjónin Dennis Quaid og Meg Ryan. Bæði eru þau þekktir leikara en á meðan ferill Meg Ryan hefur legið upp á við hefur ferill Dennis Quaid staðið í stað, meðal annars vegna nokkurra mislukkaðra kvikmynda.

Nýjar myndir

Háskólabíó: Fjögur brúðkaup ...
Laugarásbíó: A Bronx Tale
Saga-bíó: The Mighty Ducks 2
Bíóhöllin: Maverick
Stjörnubíó: Bíódagar
Bíóborgin: Ég elska hasar
Bíóborgin: Hold og blóð
Regnboginn: Flóttinn


Gengið

Almenn gengisskráning LÍ nr. 195.
16. ágúst 1994 kl. 9.15

Eining	Kaup	Sala	Tollgengi
Dollar	68,380	68,580	68,890
Pund	105,300	105,610	105,330
Kan. dollar	49,480	49,680	49,870
Dönsk kr.	11,0590	11,1030	11,1040
Norsk kr.	9,9720	10,0120	10,0120
Sænsk kr.	8,7480	8,7830	8,9000
Fi. mark	13,2320	13,2850	13,2540
Fra. franki	12,7860	12,8370	12,7710
Belg. franki	2,1270	2,1356	2,1209
Sviss. franki	52,2300	52,4400	51,4600
Holl. gyllini	39,0500	39,2100	38,8900
Þýskt mark	43,8700	44,0000	43,6300
Ít. líra	0,04290	0,04312	0,04352
Aust. sch.	6,2290	6,2600	6,1970
Port. escudo	0,4272	0,4294	0,4269
Spá. peseti	0,5265	0,5291	0,5300
Jap. yen	0,68080	0,68290	0,70160
Írskt pund	103,760	104,280	103,960
SDR	99,32000	99,82000	100,26000
ECU	83,3800	83,7200	83,4100

Símsvari vegna gengisskráningar 623270.

Krossgátan



Lárétt: 1 silungur, 8 garma, 9 korn, 10 einnig, 11 droll, 12 höfða, 14 mergð, 15 hress, 16 nafar, 18 sæi, 20 löngun, 21 keyrði.

Lóðrétt: 1 hluti, 2 neðst, 3 hæstar, 4 vind, 5 verslun, 6 nöldrar, 7 eitur, 13 samtals, 14 hljóðfæri, 15 stök, 17 kynstur, 19 grastoppur.

Lausn á síðustu krossgátu.

Lárétt: 1 hrynja, 8 lofa, 9 öri, 10 Æsi, 11 gras, 13 treður, 16 jafnaði, 18 ama, 20 dugs, 21 lýti, 22 mat.

Lóðrétt: 1 hlægja, 2 rosta, 3 yfirfat, 4 nag, 5 jörð, 6 ar, 7 fis, 12 auðga, 14 endi, 15 rist, 17 aum, 19 mý.